

mannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 14/1899:

Réttvísín

gegn

Sigríði Jónsdóttur, Einari Bjarnasyni og Hólmfríði Sigríði Arngrímsdóttur.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkveðnum 27. ágústm. f. á., var hin ákærða Sigríður Jónsdóttir dæmd samkvæmt 231. gr. 1. og 230. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 53. gr. þeirra, í 12 mánaða betrunarhúsvinnu, ákærði Einar Bjarnason samkvæmt 231. gr. 1. og 230. gr. sömu laga, sbr. 38. og 61. gr., í 8 mánaða betrunarhúsvinnu, og ákærða Hólmfríður S. Arngrímsdóttir samkvæmt 242. gr. sbr. 56. gr. sömu laga í 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo skyldu og öll hin ákærðu in solidum greiða allan kostnað af málinu gegn þeim, þar með talin málflytningslaun til svaramanna þeirra í héraði, séra Bjarna Símonarsonar og Guðmundar hreppstjóra Jónssonar, 8 kr. til hvors.

Dómi þessum hefir eftir ósk hinna dómfeldu verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hinna ákærðu og

öðrum upplýstum atvikum sannað, að þau hafa gjört sig sek í þjófnaði og hlutdeild í þjófnaði með þeim hætti, er nú skal lýst. Á áliðnu sumri 1897 skipaði ákærða, Sigríður Jónsdóttir, sem var bústýra á Efra-Vaðli, meðákærða Einari Bjarnasyni, vinnupilti sínum, að taka tvævetran sauð, eign Guðmundar bónda Jónssonar í Hvammi, er var á kvíabólinu í heimaánum, og láta hann inn í hús, og gjörði pilturinn það, og morguninn eftir lét hún hann skera sauðiun og voru afurðir hans notaðar á heimilinu, nema ullin, sem ráðskonan sjálf tók til sín og lagði í kaupstað. Nokkru síðar sama sumar lét Sigríður Einar skera hrút, er séra Þorvaldur Jakobsson í Sauðlauksdal átti, og sem rekist hafði inn í fjárhús á Efra-Vaðli með fénu þar, og ruanu afurðirnar af kind þessari einnig inn í búid á Efra-Vaðli. Um haustið sama ár skipaði Sigríður Einari að smala fénu »og koma einnig heim með annara fé«. Fann þá Einar ekkert af heimafénu, en hafði látið nokkrar kindur, er aðrir áttu, inn í fjárhús, og fór þá Sigríður með honum þangað og tóku þau þar 2 ær, er Jón Arnfinnsson á Hamri átti, og 1 lamb, sem var eign Kristínar Þorsteinsdóttur á Hamri, og fóru þau með kindur þessar heim í bæ, og þar voru þær skornar og hagnýttar til heimilisparfa. Loks stal Einar sama haust eftir fyrirlagi Sigríðar 20 ýsum frá Tungumúla, er héngu þar á rá úti hjá hjalli. Tveim dögum síðar sendi Sigríður Einar aftur að Tungumúla til að stela fleiri ýsum, en í stað þess að gjöra það, gjörði þá Einar vart við sig þar og

ljóstaði upp öllum þjófnaðinum og gaf afdráttarlausu skýrslu um hann, eins og honum er hér að framan lýst, og gjörði hann þetta eftir ráði for-eldra sinna, sem áttu heima í Tungumúla og voru þar vinnuhjú.

Hin meðákærða Hólmfríður Arngrímsdóttir, vinnukona á Efra-Vaðli, hefir kannast við, að hún vissi, að ein af þeim þremur kindum sem síðast var slátrað á Efra-Vaðli og fyrir er getið, var þjóf-stolin, en hún hjálpaði þó til með þvott og mat-reiðslu á slátrinu, og einnig tók hún á móti ýs-unum, sem stolið var, fyrir húsmóður sína, og kom þeim fyrir, þótt hún vissi að þær væru ó-frjálsar.

Afbrot hinnar ákærðu Sigríðar Jónsdóttur, sem komin er langt yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot, heyrir undir 231. gr. 1, 250. gr. og 230. gr. sbr. 53. og 63. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og er refsing hennar hæfilega ákveðin af undirdómaranum 12 mánaða betrunarhúsvinna.

Afbrot ákærða Einars Bjarnasonar, sem fæddur er 6. marz 1882, og þannig var á 16. ári, er hann framdi þjófnaðarverknað sinn, og sem eigi hefir áður verið refsað fyrir neitt lagabrot, ber að heimfæra undir 231. gr. 1, 250. gr. og 230. gr., sbr. 63. gr., 48. og 38. gr., svo og 57. gr. 2. málsl. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans með hliðsjón til 61. gr. sömu laga hæfilega metin 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærða Hólmfríður Arngrímsdóttir er fædd

31. marz 1877 og hefir eigi verið áður refsað fyrir neinn glæp, og heyrir afbrot hennar undir 231. gr. 1, og 230. gr. sbr. 242. og 56. gr. almennra hegningarlaga, og er refsing hennar af undirdóm-aranum hæfilega metin 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Hinar ákærðu Sigríður Jónsdóttir og Hólmfríður Arngrímsdóttir greiði in solidum varnarlaun svaramanns þeirra í héraði, séra Bjarna Símonarsonar, 8 krónur, og ákærði Einar Bjarnason varnarlaun svaramanns síns þar, Guðmundar hreppstjóra Jónssonar, 8 kr., en allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflytningislaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors, greiði hin ákærðu öll in solidum.

Málsmeðferðin í héraði hefir staðið óþarflega lengi yfir, þar sem málið var tilbúið til fyrirtektar í aukaréttinum í febrúarmánuði f. á., en dómur gekk ekki í því fyrir en 27. ágúst s. á. Að öðru leyti hefir rekstur málsins þar verið víta-laus og málsfærslan fyrir yfirdómi hefir verið lög-mæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Sigríður Jónsdóttir sæti betrunarhúsvinnu í eitt ár. Ákærði Einar Bjarnason sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fanga-vidurværi. Ákærða Hólmfríður Sigríður Arngrímsdóttir sæti 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærða Sigríður Jónsdóttir og Hólm-

fríður Sigríður Arngrímsdóttir greiði in solidum 8 kr. í varnarlaun til séra Bjarna Símonarsonar og ákærði Einar Bjarnason Guðmundi hreppstjóra Jónssyni í varnarlaun 8 krónur. Allan annan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiði hin ákærðu öll in solidum.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 10/1899:

Hið opinbera
gegn
Jóhanni Vedholm.

D ó m u r :

Með lögregluréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 21. nóvbr. f. á., var hinn kærði, gestgjafi á Ísafirði, Jóhann Vedholm dæmdur fyrir ólöglegar vínveitingar á helgum degi eftir 10. gr. í tilsk. 28. marz 1855 til að greiða 30 króna sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðarkaupstaðar, svo og allan málskostnað; ennfremur var ákveðið með dóminum, að hinn kærði skyldi hafa fyrirgjört rétti þeim, sem hann hefir haft til veitingasölu sem veitingamaður. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirdómsins eftir beiðni hins kærða.